



# Tillögur um staðsetningu námsloka á hæfniprep í íslenskum viðmiðaramma

Unnið 2010-2011 í samstarfi starfsgreinaráða og mennta- og menningarmálaráðuneytis

# DRÖG

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Febrúar 2012*



# Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Hæfniþrep .....	4
3	Námslok á framhaldsskólastigi .....	5
3.1	Framhaldsskólapróf.....	5
3.2	Próf til starfsréttinda .....	5
3.3	Stúdentspróf .....	6
3.4	Önnur lokapróf.....	6
3.5	Viðbótarnám við framhaldsskóla .....	7
4	Tenging almennra námsloka við hæfniþrep .....	8
4.1	Tenging almennra námsloka í starfsnámi við hæfniþrep .....	10
5	Sérhæfð námslok á framhaldsskólastigi.....	11
5.1	Bygginga- og mannvirkjagreinar .....	11
5.2	Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar .....	12
5.3	Hönnunar- og handverksgreinar .....	14
5.4	Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar .....	15
5.5	Málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinar .....	17
5.6	Rafiðngreinar .....	19
5.7	Samgöngu-, farartækja- og flutningsgreinar .....	21
5.8	Sjávarútvegs- og siglingagreinar .....	21
5.9	Skrifstofu- og verslunargreinar .....	23
5.10	Snyrtigreinar .....	23
5.11	Umhverfis- og landbúnaðargreinar .....	24
5.12	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar .....	24

## 1 Inngangur

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 er kveðið á um að námslok allra námsbrauta skuli tengd við hæfniprep. Í þessari skýrslu eru birtar tillögur starfsgreinaráða og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um staðsetningu námsloka í framhaldsskóla á hæfniprep. Við ákvörðun um hæfniprep er tekið mið af þeirri námskrá og námsbrautaslýsingu sem var í gildi vorið 2011. Í skýrslunni eru tekin fyrir almenn námslok og námslok í starfsnámi. Vinnan var aðallega unnin á fyrri hluta árs 2011. Veturinn 2010-11 héldu sérfræðingar mennta- og menningarmálaráðuneytisins kynningarfundir með hverju starfsgreinaráði. Í framhaldi voru ráðin beðin um að tilnefna 2-3 tengiliði við verkefnið sem unnu í góðri samvinnu við Björgu Pétursdóttur, Ólaf Grétar Kristjánsson og Kristrínu Ísaksdóttur sérfræðinga á skrifstofu menntamála. Í júní 2011 voru fyrstu drög að röðun kynnt. Síðan þá hafa sérfræðingar ráðuneytisins lagfært og samræmt texta og bætt við lýsingum á almennum námslokum.

Í framhaldi hefur starfsgreinaráðunum verið falið að skilgreina hæfnikröfur starfa. Þær kröfur ásamt þessu skjali er ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir gerð námsbrauta á framhaldsskólastigi.

## 2 Hæfniprep

Námslok námsbrauta í framhaldsskóla raðast á hæfniprep. Með röðun þeirra á hæfniprep eru dregnar fram mismunandi kröfur um hæfni nemanda að loknu námi. Hæfniprepin mynda þannig ramma um mismunandi kröfur við námslok án tillits til þess hvort námið er bóknám, listnám eða starfsnám.

Í lýsingu á hæfniprepum er annars vegar lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti og hins vegar aukna sérhæfingu í námi. Hæfniprepin eru skilgreind með nemendum í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila. Hæfniprepin eiga að gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur og eru þannig leiðbeinandi við gerð áfanga- og námsbrautarlýsinga. Hæfniprepin eru einnig upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, jafnt nemendur sem atvinnulíf og næsta skólastig sem tekur við nemanda að loknu námi.

Á framhaldsskólastigi eru þrepin fjögur. Fyrsta þrepið er á mörkum grunn- og framhaldsskóla og felur í sér almenna menntun. Þar tengjast kröfur um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni daglegu lífi og virkni einstaklingsins í þjóðfélaginu. Nemandi sem hefur náð þessari lykilhæfni sýnir í daglegu lífi og samskiptum að hann beri virðingu fyrir öðru fólki, lífsgildum þess og mannréttindum. Nám á fyrsta þrepi getur enn fremur falið í sér almennan undirbúning undir störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra. Á námsbrautum með námslok á fyrsta hæfniprepi getur krafa um námsframvindu verið óhefðbundin og námsmat fyrst og fremst leiðbeinandi um hvernig nemendur geti náð settum markmiðum.

Námslok á þrepi tvö einkennast af fremur stuttri sérhæfingu, sem miðar einkum að faglegum undirbúningi undir frekara nám eða störf sem krefjast þess að starfsmaðurinn geti sýnt ábyrgð og sjálfstæði innan ákveðins ramma og/eða undir

yfirstjórn annarra. Þá er gert ráð fyrir að hinni almennu hæfni til að vera virkur þjóðfélagsþegn sé náð og sjónum beint að virkni og ábyrgð innan vinnuumhverfis.

Námslok á þriðja hæfniprepi einkennast af enn meiri kröfum um þekkingu, leikni og hæfni tengdar sérhæfingu og fagmennsku. Þar fer fram sérhæfður undirbúningur undir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Eftir námslok á þriðja þrepi á nemandi að geta unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf.

Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

### **3 Námslok á framhaldsskólastigi**

Hér er birt almenn lýsing á námslokum úr aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta frá 2011.

#### **3.1 Framhaldsskólapróf**

Framhaldsskólaprófi er ætlað að koma til móts við þá áherslu að nemendur njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og að framhaldsskólarnir bjóði upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Einnig er því ætlað að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur námslok. Þannig getur skóli hvort sem er tengt framhaldsskólapróf við lok skilgreindrar námsbrautar eða tengt það annarri þátttöku nemandans í skólanum sem sniðin er að einstaklingsbundnum þörfum hans. Þó skulu lokamarkmið námsins í öllum tilvikum vera skýr.

Framhaldsskólapróf geta hvort sem er verið skilgreind á fyrsta eða annað hæfniprep en það ræðst af því hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Viðfangsefni námsins getur flokkast sem starfsnám, listnám eða bóknám en vinnur að þeim markmiðum sem einkenna hæfniprep námsins.

Umfang náms til framhaldsskólaprófs fer eftir lokamarkmiðum námsins en skal alltaf vera á bilinu 90–120 feim. Ef vilji er til að námsbraut ætluð nemendum með þroskahömlun ljúki með framhaldsskólaprófi gilda sömu reglur um umfang.

Framhaldsskólaprófinu lýkur með útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram hæfniprep námsloka, umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans, upptalning áfanga, einkunnir eftir því sem við á og skrá um aðra þátttöku nemandans í viðfangsefnum tengdum framhaldsskólaprófinu.

#### **3.2 Próf til starfsréttinda**

Próf til starfsréttinda eru skilgreind sem námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggiltri iðngrein. Þessi námslok geta verið skilgreind á hæfniprep tvö, þrjú eða fjögur.

Hæfniviðmið starfsnámsbrauta skulu taka mið af kröfu ráðuneytis um lykilhæfni og hæfnikröfur starfa sem starfsgreinaráð viðkomandi starfsgreinaflokks eða

starfsgreinar skilgreinir. Auk þessa gilda ákveðnar reglur um uppbyggingu námsbrauta.

Umfang náms er mismunandi eftir því á hvaða hæfniprep námslokinn tengjast. Próf til starfsréttinda með námslok á hæfniprepi tvö eru að jafnaði 90–120 fein, námslok á hæfniprepi þrjú eru að jafnaði 150–240 fein og námslok á hæfniprepi fjögur eru að jafnaði 30–120 fein.

Prófum til starfsréttinda lýkur með útgáfu prófskírteinis frá framhaldsskóla og leyfisbréfi frá fagráðuneyti. Í prófskírteini frá framhaldsskóla skulu meðal annars koma fram hæfniprep námsloka, yfirlit yfir áfanga, vinnustaðanám, starfsþjálfun og einkunnir.

### **3.3 Stúdentspróf**

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Náms tími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 fein. Námslokinn eru í öllum tilvikum skilgreind á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokamarkmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því fallið í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Hæfniviðmið stúdentsbrauta skulu taka mið af kröfum ráðuneytis og hæfnikröfur fræðasviða háskólastigsins. Um nám til stúdentsprófs gilda sérstakar reglur auk ákvæða um lágmarkseiningafjölda. Þær lúta að hæfnikröfum í kjarnagreinum og öðrum greinum auk þeirra reglna sem gilda almennt um innihald og uppbyggingu námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi.

Stúdentsprófi lýkur með útgáfu prófskírteinis þar sem kemur fram á hvaða sérsviði prófið er, hæfniprep námsloka, upptalning áfanga og einkunna.

Stúdentsprófið tryggir ekki sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf. Það er mikilvægt að nemendur, sem stefna að inngöngu á tiltekna námsbraut á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning. Jafnframt er mikilvægt að skólar miðli upplýsingum til nemenda með náms- og starfsráðgjöf.

### **3.4 Önnur lokapróf**

Námslok af námsbrautum, sem ekki lýkur með stúdentsprófi, prófi til starfsréttinda eða framhaldsskólaprófi flokkast sem önnur lokapróf. Þarna er um að ræða margs konar námsbrautir sem ýmist eru skilgreindar á hæfniprep eitt, tvö eða þrjú. Hæfniviðmið námsbrautanna segja til um sérhæfingu sem getur fallið undir starfsnám, listnám, bóknám eða almennt nám. Hæfniviðmið skulu taka mið af kröfu ráðuneytis, hæfnikröfu starfa eða fræðasviða háskólastigsins eftir því sem við á. Ef hæfniviðmið námsbrauta beinast hvorki að því að undirbúa nemendur undir skilgreind störf né áframhaldandi nám á háskólastigi getur skóli leitað til ráðuneytis um leiðsögn um hæfnikröfur.

Umfang annarra lokaprófa eru mismunandi eftir því á hvaða hæfniprep námslokinn tengjast. Önnur lokapróf með námslok á fyrsta hæfniprepi eru að jafnaði 30–120 fein, námslok á hæfniprepi tvö eru að jafnaði 90–120 fein, námslok á hæfniprepi þriðju eru að jafnaði 150–240 fein og námslok á hæfniprepi fjögur eru að jafnaði 30–120 fein. Umfang námsbrauta fyrir nemendur með þroskahömlun geta verið allt að 240 fein. Þrátt fyrir að skilgreinast sem önnur lokapróf á fyrsta hæfniprepi.

### **3.5 Viðbótarnám við framhaldsskóla**

Viðbótarnám við framhaldsskóla felur í sér námslok af námsbrautum sem framhaldsskólar bjóða upp á sem framhald af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Viðbótarnám við framhaldsskóla er skilgreint á framhaldsskólalastigi og skal námið skilgreint í framhaldsskólalæningum.

Háskólar innlendir sem erlendir geta ákveðið að meta viðbótarnám við framhaldsskóla til ECTS-eininga og er þá leyfilegt að geta þess í upplýsingum um námið. Einingarfjöldinn er þó algjörlega á forræði hvers háskóla.

Inntak viðbótarnámsins er breytilegt eftir lokamarkmiðum. Það beinist að aukinni faglegri sérhæfingu, stjórnun og þróun á starfsvettvangi. Ef námið felur í sér löggilt starfsréttindi svo sem iðnmeistarapróf ber framhaldsskólum að fylgja þeim hæfnikröfum sem settar eru fram af ráðuneyti í samvinnu við starfsgreinaráð.

## 4 Tenging almennra námsloka við hæfniþrep

Í kafla 3 er birt lýsing úr aðalanámskrá um helstu námslok í framhaldsskóla. Sum hver þessara námsloka geta tengst nokkrum hæfniþrepum. Lýsingin í meðfylgjandi töflu er mismunandi eftir því hvaða hæfniþrepi námslokin tengjast.

Hver námsbraut sem hlotið hefur staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins mun bera nafn, sem námslokin vísa í. Dæmi um þetta eru skólaliði, námslok af listnámsbraut eða margmiðlunarbraut. Hér eru þessi námslok ekki aðgreind heldur flokkuð sem önnur lokapróf. Starfsréttindapróf gefa í öllum tilvikum löggild starfsréttindi.

Námslok	Hæfniþrep	Lýsing
Framhaldsskólapróf	1	Nemandi með framhaldsskólapróf á 1. hæfniþrepi hefur unnið að því að öðlast hæfni í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi, öðlast skýra sjálfsmynd og gera sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt. Hann hefur unnið að því að taka ábyrga afstöðu til eigin velferðar, tileinka sér jákvætt viðhorf til náms og að verða virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjärsamfélagi. Hann hefur einnig unnið að því að öðlast hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.
Framhaldsskólapróf	2	Nemandi með framhaldsskólapróf á 2. hæfniþrepi hefur öðlast hæfni til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu sérsviði eða starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt. Hann getur unnið sjálfstætt undir stjórn yfirmanns. Hann býr yfir grundvallarþekkingu, leikni og hæfni innan sérþekkingar eða starfsvettvangs, getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum, veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í samráði við yfirmann. Hann býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi og getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.
Önnur lokapróf	1	Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur lokapróf á 1. hæfniþrepi getur unnið sjálfstætt undir stjórn eða eftirliti yfirmanns. Hann býr yfir almennri þekkingu, leikni og hæfni sem nýtist þar sem ekki er krafist mikillar sérhæfingar. Nemandinn getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum og býr yfir hæfni til að skýra verklag tengdu starfsumhverfi og sérþekkingu. Hann ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis.
Önnur lokapróf	2	Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur próf á 2. hæfniþrepi getur unnið sjálfstætt undir stjórn yfirmanns. Hann býr yfir grundvallarþekkingu, leikni og hæfni innan starfsvettvangs, listgreinar eða sérþekkingar, getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum, veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í samráði við yfirmann. Hann ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis, býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi og hæfni til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengdu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt.



Önnur lokapróf	3	Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur próf á 3. hæfniprepi býr yfir sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni innan starfsvettvangs, listgreinar eða sérþekkingar til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi, listgrein eða sérþekkingu á ábyrgan, gagrýnninn og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar sinnar.
Starfsréttindapróf	2	Starfsréttindapróf felur í sér að við námslok getur nemandi sótt um leyfi til að nota viðkomandi starfsheiti. Nemandi með starfsréttindapróf á hæfniprepi 2, býr yfir þekkingu, leikni og hæfni til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum innan þröngs sviðs starfsgreinar á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, gangrýnninn og skýran hátt.
Starfsréttindapróf	3	Starfsréttindapróf felur í sér að við námslok getur nemandi sótt um leyfi til að nota viðkomandi starfsheiti. Nemandi með starfsréttindapróf býr yfir sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, gangrýnninn og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi starfsgreinar sinnar.
Starfsréttindapróf	4	Starfsréttindapróf á 4. hæfniprepi felur í sér löggilt réttindi. Nemandi sem hefur lokið þannig námi hefur öðlast aukna sérhæfingu og/eða útvíkkað sérhæfingu sína t.d. í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.
Stúdentspróf	3	Nemandi með stúdentspróf býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til að takast á við nám á háskólastigi. Sérhæfingin tengist því fræðasviði á háskólastigi sem stefnt er á og getur falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám. Við sérhæfinguna hefur hann öðlast innsýn inn í starfsaðferðir viðkomandi fræðasamfélags og býr yfir hæfni til að verða ábyrgur og virkur einstaklingar í því lýðræðislega samfélagi. Hann getur nýtt sér erlent tungumál við frekara nám og sérmenntun sína í alþjóðlegu samhengi. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína, getur skýrt og rökstutt verklag á ábyrgan, gangrýnninn og skýran hátt. Hann býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri getur tekist á við frekara nám á háskólastigi.

Viðbótarnám við framhaldsskóla	4	Nemandi sem lokið hefur viðbótarnámi við framhaldsskóla hefur öðlast aukna sérhæfingu innan starfsnáms, listnáms eða annarar sérhæfingar og/eða útvíkkað sérhæfingu sína t.d. í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.
--------------------------------	---	--

#### 4.1 Tenging almennra námsloka í starfsnámi við hæfniprep

Hæfnilýsing á sveinsprófum er mismunandi eftir tegund sveinsprófs. Hér fyrir neðan er almenn hæfnilýsing á sveinsprófum, óháð innihaldi. Gert er ráð fyrir að sveinspróf raðist að jafnaði á hæfniprep 3 og er hér birt almenn lýsing. Gert er ráð fyrir að iðnmeistarapróf raðist á hæfniprep 4. Mismunandi lýsing getur átt við eftir sérhæfingu en hér er birt almenn lýsing.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Sveinspróf	3	Nemandi með sveinspróf býr yfir þekkingu, leikni og hæfni til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, gangrýninn og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi iðngreinar sinnar.
Iðnmeistari	4	Iðnmeistari býr yfir hæfni til að vera verkefnisstjóri í fyrirtæki, annast áætlanagerð, umsjón og eftirlit. Iðnmeistari býr yfir hæfni til að ábyrgjast að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og staðla og getur borið höfuðábyrgð á gæðum þjónustu. Iðnmeistari ber ábyrgð á að iðnemar fái tilskilda þjálfun í samræmi við lög, reglur og námskrá. Hann býr yfir hæfni til að leiðbeina og kenna nemum um vinnubrögð, meðferð efna og tækja og meta þjálfunarþörf annarra starfsmanna. Nemandi með iðnmeistarapróf býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á íslensku og erlendu tungumáli sé þess krafist. Hann getur tekið þátt í samræðum á grundvelli sérhæfðrar þekkingar og leikni á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt, býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun sérhæfðrar þekkingar sinnar gagnvart starfsumhverfi og býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi starfsgreinar sinnar. Hann getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt.

## Sérhæfð námslok á framhaldsskólastigi

Hér eru birtar sameiginlegar tillögur starfsgreinaráða og ráðuneytis um tengingu sérhæfðra námsloka við hæfniprep. Listinn er ekki tæmandi.

Þessi námslok má ýmist flokka undir önnur lokapróf, próf til starfsréttinda eða viðbótarnám við framhaldsskóla.

### **Bygginga- og mannvirkjagreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs bygginga- og mannvirkjagreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Guðmundur Ómar Guðmundsson og Ólafur Ásgeirsson.

Námslok	Hæfni- prep	Lýsing
Húsasmiður	3	Húsasmiður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Húsasmiður getur mælt út fyrir byggingu og afsett hæðir, hannað og útfært einföld hús og húshluta, metið og valið aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni, metið eiginleika efnis og álagskrafta sem þeim tengjast, metið þörf fyrir viðhald húsa og húshluta og valið efni og aðferðir til viðhalds, leiðbeint húseigendum um val á efni til nýbygginga og viðhalds. Húsasmiður er löggilt starfsheiti.
Húsgagnasmiður	3	Húsgagnasmiður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Húsgagnasmiður þekkir helstu eiginleika og verkan efna og getur valið efni eftir verkefnum. Húsgagnasmiður getur hannað og smíðað öll helstu húsgögn, lagt mat á viðhald og viðgerðir húsgagna og þekkir og getur nýtt sér gamlar vinnuaðferðir, getur smíðað og sett upp og viðhaldið húshlutum. Hann getur notað yfirborðsefni s.s. lökk og litarefni og þekkir grunnatriði lita- og formfræði og helstu stíltímabil. Húsgagnasmiður er löggilt starfsheiti.
Málari	3	Málari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Málari þekkir öll helstu efni sem notuð eru til málningarvinnu, lita- og formfræði og helstu stíltímabil, notkun áferðarbreytandi efna innanhúss. Hann þekkir til húsafriðunar og eldri málningaraðferða. Málari getur ný- og endurmálað allt yfirborð inni og úti, sand- og gifsspartlað, gert við yfirborð og spartlað með fjölbreytilegum efnum, skreyti- og áferðarmálað með mismunandi aðferðum, teiknað upp og útfært máluð og þrykkt skilti og auglýsingar. Málari er löggilt starfsheiti.
Múrari	3	Múrari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Múrari þekkir öll helstu efni sem notuð eru við múrverk úti og inni. Múrari getur skipulagt vinnu við jarðvegsfyllingar í mannvirkjagrunnum, lagt steypustyrktarjárn og bendinet í steinsteypuvirki, annast blöndun og niðurlagningu steinsteypu, hlaðið úr steini og veggjaeiningum, múrhúðað utan og innanhúss, lagt flísar innanhúss og utan, lagt mat á, valið efni og gert við múr- og steypuskemmdir, leiðbeint húseigendum um val og á efni til nýbygginga og viðhalds. Múrari er löggilt starfsheiti.

Pípulagningamaður	3	Pípulagningamaður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir helstu eiginleika og verkan efna og tækja og getur valið þau eftir verkefnum. Pípulagningamaður getur lagt vatnshitakerfi og neysluvatnskerfi innanhúss og ýmis sérhæfð lagnakerfi, lagt frárennsliskerfi innanhúss og í jörðu, sett upp og tengt hreinlætis- og heimilistæki og sett upp og stillt búnað í tækjaklefum. Pípulagningamaður getur annast viðhald og viðgerðir á lagnakerfum og búnaði tengdum þeim. Hann getur leiðbeint húseigendum um val á efnum í nýbyggingum og við viðhald. Pípulagningamaður er löggilt starfsheiti.
Veggfóðrari	3	Veggfóðrari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og leiðbeina öðrum, þekkir ábyrgð sína, siðferðilega stöðu og getur lagt mat á eigin vinnu. Veggfóðrari þekkir helstu eiginleika og verkan efna sem notuð eru við veggfóðrun og dúklagnir. Veggfóðrari getur veggfóðrað, lagt vegg- og gólfdukk, vegg- og loftefni og gólfplötur, lagt teppi á gólf og stiga innanhúss, búið til skrautborða eða mynd og fellt í gólfdukk, lagt sérhæfða dúka, striga, plötur og spón inni og úti. Veggfóðrari getur lagt mat á viðhald, gert við skemmdir og endurnýjað gólf-, vegg- og loftaefni. Hann getur leiðbeint húseigendum um val á efnum í nýbyggingum og við viðhald. Veggfóðrari er löggilt starfsheiti.

### **Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Birna Ólafsdóttir, Svava Þorkelsdóttir og Þórkatla Þórisdóttir.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Félagsliði	2	Félagsliði starfar á sviði félags- og umönnunarþjónustu. Hann býr yfir hæfni til að meta þarfir og líðan skjólstæðinga sinna og einnig árangur þjónustunnar sem hann veitir. Félagliði skráir algengar athuganir í dagbækur og samskiptabækur. Hann skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samræmi við fyrirmæli yfirmanna s.s. þroskaþjálfna, iðjuþjálfna, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga. Hann styrkir skjólstæðinga til sjálfshjálpar og örvar þá til þátttöku og virkni, leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum þeirra varðandi réttindi til margvíslegrar þjónustu og aðstoðar þá við að sækja rétt sinn. Félagliði sýnir færni í samskiptum og eykur lífsgæði skjólstæðinga sinna.
Frístunda-leiðbeinandi	2	Frístundaleiðbeinandi býr yfir hæfni til að vinna með einstaklingum sem hafa misjafnan bakgrunn hvað varðar þroska, getu og þarfir. Hann styrkir skjólstæðinga sína til að njóta gefandi og uppbyggilegra frístunda og heilsusamlegs lífsstíls. Hann metur þarfir skjólstæðinga, bæði einstaklinga og hópa og skipuleggur viðfangsefni í daglegu starfi. Hann aðstoðar skjólstæðinga við að ná markmiðum um aukin lífsgæði með gefandi frístundaíðkun. Hann starfar á félagsmiðstöðvum, frístundaheimilum, að félagsstarfi aldara og víðar þar sem skipulagt félagsstarf fer fram. Störf hans fara fram undir stjórn yfirmanna viðkomandi stofnana.

Fótaaðgerðafræðingur	3	Fótaaðgerðafræðingur býr yfir hæfni til að meta ástand fóta og greina og meðhöndla á viðeigandi hátt fótamein sem ekki krefjast sérstakrar læknisfræðilegrar meðferðar. Hann skipuleggur, framkvæmir og metur eigin vinnu í samræmi við viðurkennda gæðastaðla og heldur sjúkraskrár samkvæmt lögum þar um. Fótaaðgerðafræðingur býr yfir viðtalstækni og getu til að ræða og skýra út forsendur og meðferðarúrræði fyrir sjúklingum, aðstandendum eða samstarfsfólki. Hann þekkir forvarnir og býr yfir þekkingu til að geta veitt faglega ráðgjöf. Þá hefur hann yfirsýn yfir heilbrigðiskerfið og getur leiðbeint skjólstæðingum sínum áfram innan þess. Fótaaðgerðafræði er löggilt starfsgrein.
Heilbrigðisritari	2	Starfsvettvangur heilbrigðisritara eru heilbrigðisstofnanir. Heilbrigðisritari býr yfir hæfni til að sinna móttöku sjúklinga, símsvörun á deild, taka á móti greiðslum, senda út reikninga og sinna ýmiss konar gagnaöflun og skráningu. Heilbrigðisritari aðstoðar deildastjóra við ýmis verkefni s.s. vinnuskýrslur, vaktaplön og pantanir og skráir gögn í gagnagrunna. Hann sinnir sjúklingabókhalði, undirbýr teymisvinnu og dagsáætlanir. Heilbrigðisritari starfar í nánu samstarfi við aðra heilbrigðisstarfsmenn. Störf hans fara fram undir stjórn yfirmanna.
Leikskólaliði	2	Leikskólaliði vinnur undir stjórn leikskólastjóra að hæfniviðmiðum námskrár leikskólans. Hann hefur grundvallarhæfni og þekkingu á þroskaferlum og félagsmótun. Hann metur þarfir og líðan barna og árangur þjónustu sem hann veitir. Leikskólaliði býr yfir hæfni til að skrá algengar athuganir í dagbækur og samskiptabækur. Hann stýrir börnum í viðeigandi leikja- og námsverkefnum, skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samræmi við fyrirmæli deildarstjóra.
Lyfjatæknir	3	Lyfjatæknir sér um afgreiðslu og ráðgjöf lausasölulyfja. Hann býr yfir hæfni til að sjá um móttöku og frágang lyfja, taxeringu lyfseðla samkvæmt lögum og reglum og veitir faglega ráðgjöf um notkun hjúkrunar- og sjúkragagna. Hann tekur þátt í rannsóknum, framleiðslu, dreifingu og sölu lyfja og sjúkravara og tekur þátt í fræðslu um meðhöndlun og notkun lyfja. Hann tekur þátt í þróunarverkefnum á vinnustað sínum og vinnur samkvæmt gæðastefnum og gæðareglum, hann getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum. Lyfjatæknir er löggilt starfsheiti.
Læknaritari		
Heilsunuddari		
Sjúkraliði	3	Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra. Sjúkraliði metur líðan og árangur hjúkrunar. Hann skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samræmi við hjúkrunaráætlun. Hann aðstoðar skjólstæðinga sína við athafnir daglegs lífs og tekur þátt í að meta ástand þeirra. Hann býr yfir hæfni til að fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegu og hreyfingarleysis og aðstoðar við hæfingu og endurhæfingu sjúklinga. Hann leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum þeirra varðandi athafnir daglegs lífs. Hann sýnir faglegan metnað og tileinkar sér nýjungar í starfi. Sjúkraliði starfar á hjúkrunarviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar. Sjúkraliði er löggilt starfsheiti.
Skólaliði	1	Skólaliði býr yfir hæfni til að aðstoða börn í leik og starfi í grunnskólum. Hann býr yfir hæfni til að leiðbeina börnum um góða umgengni, hefur umsjón með ræstingu á skólahúsnæði og skyldum verkefnum. Skólaliði veitir einnig nemendum með sérþarfir aðstoð eftir því sem við á hverju sinni og sinnir þeim verkefnum sem kennarar fela þeim.

Stuðningsfulltrúi	2	Stuðningsfulltrúi starfar að uppeldi og umönnun barna ásamt aðstoð við kennslu. Stuðningsfulltrúi í grunnskólum býr yfir hæfni til að veita nemendum með sérþarfir aðstoð eftir því sem við á og sinnir þeim verkefnum sem kennarar fela honum innan og utan kennslustunda. Stuðningsfulltrúi kynnir sér greiningar- og þjálfunaráætlanir barna með sérþarfir og vinnur markvisst að auknum þroska og menntun barna. Hann metur þarfir barna í daglegu starfi og aðstoðar við nám samkvæmt einstaklingsáætlun og vinnuskipulagi sem kennarar bera ábyrgð á. Stuðningsfulltrúi tekur þátt í foreldrasamstarfi með upplýsingagjöf um gengi barns í leik og námi.
Tanntæknir	2	Tanntæknir starfar undir stjórn tannlækna. Tanntæknir býr yfir hæfni til að aðstoða við aðgerðir, sjá um bókun sjúklunga, sjá um sjúkraskýrslur og birgðahald á tannlæknastofu ásamt ýmsum öðrum þáttum. Tanntæknir tekur á móti sjúklingum og býr þá undir meðferð. Tanntæknir veitir leiðbeiningar um rétta tannhirðu. Starfið er löggilt starfsheiti.

### **Hönnunar- og handverksgreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs hönnunar- og handverksgreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Ólafur Jónsson, Selma Gísladóttir og Þórdís Zoega.

Námslok	Hæfni- þrep	Rök
Fatataæknir	2	Fatataæknir hefur almenna og faglega grunnhæfni í greininni og býr yfir hæfni til áframhaldandi sérnáms s.s. í klæðskurði eða kjólasaum. Hann hefur þekkingu á efnum í fataiðnaði og eiginleikum þeirra, kann grunnþætti fata- og tiskuteikninga og býr yfir grunnhæfni í sníða- og fatagerð á dömu- og herrafatnaði. Hann getur unnið með stærðartöflur og stærðarbreytingar, lykilorði verktaekni og verkferla í fataiðnaði og getur notað tölvu- og upplýsingatækni í verkefnum sínum.
Kjólasveinn	3	Kjólasveinn býr yfir hæfni til að stunda sérsaum, búningasaum, sníðagerð og fagvinnu sem tengist gerð dömufatnaðar. Hann þekkir vel þau efni sem unnið er úr, hefur nauðsynlega tækni og vinnuaðferðir á valdi sínu, getur komið vöru sinni á framfæri og selt hana. Hann getur unnið sjálfstætt að sínum störfum, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna, metið eigin störf og hefur auk þess góðan grunn til áframhaldandi náms. Hann getur nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í störfum sínum og getur veitt ráðgjöf og leiðbeiningar. Kjólasveinn er löggilt starfsheiti.
Klæðskeri	3	Klæðskeri býr yfir hæfni til að stunda sérsaum, búningasaum, sníðagerð og fagvinnu sem tengist gerð herrafatnaðar. Hann þekkir vel þau efni sem unnið er úr, hefur nauðsynlega tækni og vinnuaðferðir á valdi sínu, getur komið vöru sinni á framfæri og selt hana. Hann getur unnið sjálfstætt að sínum störfum, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna, metið eigin störf og hefur auk þess góðan grunn til áframhaldandi náms. Hann getur nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í störfum sínum og getur veitt ráðgjöf og leiðbeiningar. Klæðskeri er löggilt starfsheiti.

Gull- og silfursmiður	3	Gull- og silfursmiður býri yfir hæfni til að vinna sjálfstætt að sínum störfum, bera ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna, meta eigin störf auk þess að hafa góðan grunn til áframhaldandi náms. Hann hefur grundvallarþekkingu og færni í silfursmiði, leturgreftri, steinaþsetningu og síseleringu, getur notað af öryggi öll helstu efni sem notuð eru í gull- og silfursmiði og þekkir áhrif þeirra á umhverfið. Hann getur húðað, þróað, hannað og smíðað skartgrip og getur unnið út frá sínum eigin hugmyndum jafnt sem annarra, á skipulagðan hátt. Hann getur nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í störfum sínum og getur veitt ráðgjöf og leiðbeiningar. Gull- og silfursmiður er löggilt starfsheiti.
Skósmiður		
Söðlasmiður		
Tækniteiknari	3	Tækniteiknari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt að sínum störfum, bera ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og meta eigin störf. Hann hefur auk þess góðan grunn til áframhaldandi náms. Tækniteiknari getur unnið heildstæð teikniverkefni í samræmi við gildandi reglugerðir, staðla og teiknireglur. Hann getur unnið að grafískri framsetningu teikninga og tilheyrandi gagna í prent- og skjámiðlum, veitt upplýsingar um teikniverkefni og unnið af faglegu öryggi með verköggn svo sem magntölur og verklýsingar út frá teikningum. Tækniteiknari getur notað tölvu á markvissan hátt og hefur innsýn í úrvinnslu, viðhald, uppfærslur forrita, nettengingar og tengingu jaðartækja. Hann getur sinnt ýmsum kynningarstörfum, útlitshönnun á veggspjöldum og uppsetningu smærri sýninga. Hann getur sinnt daglegum skrifstofustörfum á teiknistofu, skipulagningu og vistun skjala og unnið samkvæmt aðferðum gæðastjórnunar.
Útstillingatæknir		

### **Matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Ólafur Jónsson, Níels S. Olgeirsson og Jóhannes Felixson.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Bakari	3	Bakari býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt að almennum og sérhæfðum verkefnum tengdum bakstri, bera ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og meta eigin störf. Hann kann skil á hráefni, hjálparefnum o.fl. sem notuð eru í bakstur, meðferð þeirra, flokkun og gæðamati. Hann kann aðferðir við hámarksnýtingu hráefnis og getur reiknað út bakstursrýrnun á brauðvörum. Hann þekkir og getur unnið eftir uppskriftum, breytt þeim eftir framleiðslumagni ef þurfa þykir og valið vinnsluaðferð við hæfi hverju sinni. Hann getur reiknað út hollustu- og næringargildi helstu framleiðsluvara, kann skil á verðútreikningi á vöru og þjónustu, getur reiknað út arðsemi og unnið við sjóðsvél þar sem við á. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskiptavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Bakari er löggilt starfsheiti.

Framreiðslumaður	3	Framreiðslumaður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, bera ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og meta eigin störf. Hann getur unnið við vélar, tæki og verkfæri sem henta hverju sinni, annast umhirðu þeirra og hreinsun, tryggt eðlilegt viðhald þeirra og séð til þess að ýrtruðu öryggiskröfum sé framfylgt. Hann getur annast daglega stjórnun í veitingasal og gert áætlanir um veitingarekstur og mannhald til lengri og skemmri tíma. Framreiðslumaður getur undirbúið og tekið á móti gestum, einstaklingum og hópum á viðeigandi hátt, stjórnað veisluhaldi innan veggja veitingahúss sem utan, frætt og leiðbeint gestum um rétti á og vín á mat- og vínseðli hverju sinni. Framreiðslumaður getur valið og beitt viðeigandi framreiðsluaðferð miðað við tilefni hverju sinni. Hann getur annast og stjórnað frágangi í veitinga- og veislusölum og vinstúku eftir dagsins önn samkvæmt viðurkenndum kröfum og gengið frá uppgjöri í samræmi við sölukerfi veitingahúss. Framreiðslumaður er löggilt starfsheiti.
Kjötiðnaðarmaður	3	Kjötiðnaðarmaður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, bera ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og meta eigin störf. Kjötiðnaðarmaður býr yfir hæfni til að taka á móti, velja og nota afurðir til framleiðslu og annast heilbrigðis- og gæðamat út frá viðteknum gæðastöðlum og lögum og reglugerðum um heilbrigðis- og hollustuhætti. Hann getur annast sögun og hlutun/úrbeiningu miðað við mismunandi nýtingaráform, kryddað og kryddlagt kjöt, útbúið kjöt og kjötrétti til sölu og getur veitt viðskiptavinum ráðgjöf og leiðsögn um meðferð hráefna, matseld og val á meðlæti. Hann kann allar algengar aðferðir til að varðveita geymsluþol matvæla, kann að búa til fars, pylsur, kæfu/paté, slátur og mismunandi álegg, getur gert innihaldslýsingar samkvæmt gildandi lögum og reglum um merkingar og pökkun og er fær um að útbúa uppskriftir og verklýsingar. Hann er fær um að vinna að vörupróun, taka þátt í gæðastjórnun og innra eftirliti matvælafyrirtækja og kann almennar aðferðir við framlegðarútreikninga og arðsemismat á framleiðslunni. Kjötiðnaðarmaður er löggilt starfsheiti.
Kjötskurðarmaður	2	Kjötskurðarmaður býr yfir hæfni til að leysa tiltekin verkefni við kjötskurð og móttöku hráefna af ábyrgð. Hann býr yfir hæfni til að sjá um innkaup á hráefni, reikna út kostnað og útsöluverð. Hann tekur á móti afurðum til framleiðslu og annast heilbrigðis- og gæðamat út frá viðteknum gæðastöðlum. Kjötskurðarmaður getur sagað, hlutað sundur og úrbeinað kjötskrokka í samræmi við lög og reglugerðir og annast heilbrigðis- og gæðastimplun á þeim afurðum sem hann hlutar/úrbeinar. Hann kann að krydda og kryddleggja kjöt, getur útbúið kjöt til matreiðslu, raðað upp í kjötborð í kjötverslun og veitt viðskiptavinum ráðgjöf og leiðsögn um meðferð hráefna, matseld og val á meðlæti. Hann kann allar algengar aðferðir til að varðveita geymsluþol kjöts, getur annast pökkun og frágang kjöts til sölu og ábyrgst réttar innihaldslýsingar samkvæmt gildandi lögum og reglum um merkingar og pökkun viðkomandi vöru.



Matreiðslumaður	3	Matreiðslumaður getur unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. Hann getur gert áætlanir, sett saman matseðla miðað við mismunandi tilefni og óskir viðskiptavina, matreitt allan algengan mat, beitt öllum höfuðmatreiðsluaðferðum jafnt í sígildri sem og nútíma matargerð. Hann býr yfir hæfni til að þróa og laga að nýjum útfærslum og kann skil á meginstraumum í íslenskri og alþjóðlegri matreiðslu. Hann getur sett upp hlaðborð af ýmsum tilefnum, kann allar algengar aðferðir til að auka geymsluþol matvæla og getur reiknað út verð sem byggir á framleiðslustöðlum, uppskriftum og framlegð. Matreiðslumaður er löggilt starfsheiti.
Matartæknir	3	Matartæknir býr yfir sérhæfðum undirbúningi fyrir starf í mötuneytum. Hann getur unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf. Matartæknir getur gert áætlanir til lengri og skemmri tíma. Hann býr yfir hæfni til að setja saman matseðla og matreiða með hliðsjón af næringarfræðilegum þörfum einstakra hópa, m.a. barna, aldraðra og sjúklinga með ólíka sjúkdóma og þarfir fyrir sérfaði. Hann getur matreitt allan algengan heimilismat á fjölbreytilegan hátt eftir viðurkenndum matreiðsluaðferðum. Matartæknir kann að útbúa hátíðarrétti og skreyta borð við hæfi. Hann kann allar algengar aðferðir til að auka geymsluþol matvæla og getur annast og haft eftirlit með hreinsun umhverfis, tækja og áhalda í samræmi við gildandi staðla og reglur um hreinlæti, meðferð spilliefna o.fl.
Matsveinn	2	
Leiðsögumaður	4	Leiðsögumaður býr yfir hæfni til að starfa sem leiðsögumaður með sérsvið í almennri leiðsögn, gönguleiðsögn að sumri, gönguleiðsögn að vetri, afþreyingarleiðsögn (áhættuleiðsögn), eða svæðisleiðsögn. Hann getur beitt leiðsögutækni, stjórnað hópi, brugðist við slysum og beitt grunnþekkingu í skyndihjálpi. Leiðsögumaður kann að bregðast við íslenskum vetraraðstæðum, hefur fengið undirstöðuþjálfun í fjallamennsku, kann að meta snjóflóðahættu og hvernig best verður staðið að skipulagningu og leit í snjóflóði. Hann kann skil á öryggismálum, tryggingum og leyfum sem gilda í einstökum flokkum ferða. Hann getur á erlendu tungumáli leiðbeint ferðamönnum um helstu ferðir sem í boði eru og þekkir helstu ferðamannaleiðir, staði, söfn og stofnanir á hverju landsvæði.
Ferðamálafræðingur		
Mjólkurfræðingur		

### **Málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Gylfi Einarsson og Þór Pálsson.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Blikksmiður	3	Blikksmiður er fagmaður í smíði, uppsetningu og viðhaldi loftræsikerfa. Hann er fagmaður í málmklæðningum húsa, þekkir allar helstu tegundir húsaklæðninga hérlendis og opinberar kröfur til þeirra. Hann býr yfir hæfni til að leiðbeina um val á efni og uppsetningu, gerir verkáætlun, efnar í verk og framkvæmir samkvæmt viðurkenndum gæðakröfum. Blikksmiður er löggilt starfsheiti.

Málmsuðumaður		
Netagerðarmaður	3	Netagerðarmaður er fagmaður í hönnun, framleiðslu, viðhaldi og viðgerðum á veiðafærum. Hann þekkir gildandi lög og reglugerðir um lágmarksmöskvastærðir og umbúnað veiðafæra. Hann getur hannað og sett upp netabúnað eldiskvía fyrir strandeldis- og landstöðvar með hliðsjón af aðstæðum og notkun. Netagerðamaður býr yfir hæfni til að vinna með útgerðar-, sjó- og fiskeldismönnum að gagnkvæmri miðlun upplýsinga. Hann þekkir og virðir reglur um öryggismál í fagi sínu og starfi.
Rennismiður	3	Rennismiður er fagmaður í smíði flókinna vélhluta og íhluta samkvæmt eigin hönnun og annarra, útreikningum, efnisvali, hlutverki og virkni. Hann hefur hæfni til að setja upp kerfi véla sem drifnar eru og stýrt jafnhendis af rafmagni, vökva og lofti, þjónustar þau og stillir gang þeirra með iðntölvum. Rennismiður getur skipulagt rennismiðaverkstæði og viðhaldið ástandi þess með hliðsjón af öryggi og framleiðni. Hann hannar verkferla, gerir verkáætlanir og reiknar framleiðslukostnað. Hann hefur fagleg og viðskiptaleg samskipti við verkkaupa. Rennismiður er löggilt starfsheiti.
Stálsmiður	3	Stálsmiður er fagmaður í málmsuðu. Hann hefur hæfni til að velja viðeigandi verkfæri og aðföng til margvíslegra suðu- og logskurðarverkefna, þekkir og notar staðla um suður og viðurkenndar eftirlits- og prófunaraðferðir. Stálsmiður kynnir sér nýjungar í suðutækni og tileinkar sér þær. Hann þekkir kröfur til hæfnisvottunar í málmsuðu, þekkir allar reglur um öryggismál varðandi málmsuðu, málmskurð, vinnu í hæð og með þunga hluti og fylgir slíkum reglum. Stálsmiður er löggilt starfsheiti.
Vélvirki	3	Vélvirki er fagmaður í meðferð allra tegunda brunavéla, viðhaldi þeirra, bilanagreiningu og viðgerðum og uppsetningu. Hann hefur hæfni til að meta ástand véla með mælingum, metur skemmda vélhluta, gerir við eða endurnýjar og prufukeyrir. Hann getur sett upp og rétt af vélar og aflrásir og sett upp titringsmæli. Hann getur skipulagt kerfisbundið viðhald véla og aflrása, er fagmaður í viðhaldi og viðgerðum vökvakerfa. Vélvirki starfar samkvæmt gæðastöðlum, gæðahandbók og öðrum verklagsreglum. Hann þekkir gildi viðskiptamanns fyrir fyrirtækið. Vélvirki þekkir umhverfisáhrif sem störf hans kunna að valda og vinnur umbótastarf á því sviði. Vélvirki er löggilt starfsheiti.
Vélstjóri A	2	Vélstjóri með A-réttindi hefur haldgóða þekkingu og færni til að þjóna og stjórna vélbúnaði í litlum skipum. Hann hefur hæfni til að þjónusta rafkerfi skipa með allt að 750 kW aðalvél, einkum riðstraumsvélar og fylgibúnað þeirra og framkvæmt bilanaleit með mælitækjum. Hann getur sett upp og þjónustað loftkerfi, leitað að leka í kælikerfum með leitarlampa og er meðvitaður um efnafræði kælimiðla, förgun þeirra og óæskileg áhrif á umhverfið. Vélstjóri með A-réttindi getur veitt skyndihjálp við bráðasjúkdómum eða slysum, hann þekkir innihald lyfjakistu, þau lyf sem þar eru, áhrif þeirra og aukaverkanir, getur gefið sýklalyf og verkjalyf og veitt lyfjagjöf í samráði við lækni. Vélstjóri A er löggilt starfsheiti.

Vélstjóri B	3	Vélstjóri með réttindi B hefur til viðbótar þeirri hæfni sem einkennir A-réttindi, þekkingu og skilning á gildi gæðakerfa og getur sett upp og unnið eftir gæðahandbók. Hann getur unnið innan lagaumhverfis sjávarútvegs og siglinga, bæði hvað varðar íslenskar- og alþjóðasambýkktir, tilskipanir og reglugerðir. Hann er meðvitaður um skyldur vélstjóra við vaktstöðu, færslu vélabóka og skráningu upplýsinga um ástand vélbúnaðar. Vélstjóri með réttindi B er fagmaður í rekstri vélbúnaðar. Hann þekkir uppbyggingu og virkni einstakra vélarhluta, aflar upplýsinga um ástand véla og vélhluta, gerir áætlun um viðgerðir, framkvæmir þær og leggur mat á ástand véla og vélhluta að viðgerð lokinni. Vélstjóri með B-réttindi þekkir helstu gerðir kælimiðla, eiginleika þeirra og notkun, getur sett upp kælikerfi ásamt segullíðastýringu, prófað virkni, leitað og gert við bilanir og tæmt og fyllt á kælimiðla. Hann hefur einnig skilning á raforkukerfum og getur annast rekstur þeirra. Vélstjóri B er löggilt starfsheiti.
Vélstjóri C	4	Vélstjóri með réttindi C hefur til viðbótar þeirri hæfni sem einkennir B-réttindi, þekkingu og hæfni til stjórnunar á sínum vinnustað, bæði mannauðsstjórnun og stjórnun áhættu- og öryggismála. Hann þekkir uppbyggingu og virkni, getur metið ástand, framkvæmt bilanagreiningar og gert við rafkerfi í skipum, háspennukerfi frá orkuverum og tengivirkjum, rafeindatæki og íhluti. Hann hefur haldgóða þekkingu á reglunartækni og getur annast stillingar á stjórn- og eftirlitsbúnaði aflvéla. Hann þekkir grunnatriði í lýsingatækni og getur beitt þeirri þekkingu við störf sín. Þekkir uppbyggingu og notkun iðntölva og forritun. Vélstjóri með C-réttindi þekkir allar helstu tegundir kæli- og frystibúnaðar, getur rekið slíkan búnað af öryggi og hagkvæmni, haldið honum við, greint bilanir og gert við. Hann þekkir allar gerðir eimkatla, uppbyggingu þeirra, stjórn- og öryggisbúnað, nýtni, hreinsun og viðhald. Hann sér um alla þætti rekstrar og öryggis. Vélstjóri C er löggilt starfsheiti.
Vélstjóri D/ vélfraeðingur	4	Vélstjóri með réttindi D/vélfraeðingur hefur til viðbótar þeirri hæfni sem einkennir C-réttindi, fræðilega sérþekkingu á straumfræðilegum þáttum vélfraeðinnar í varmafræði og í varmanýtni véla. Hann getur lýst orkuflæði og orkuframleiðslu í vatnsafls- og gufuaflsstöðvum og framkvæmt útreikninga á aflgetu slíkra stöðva. Vélstjóri D/vélfraeðingur er löggilt starfsheiti.

### **Rafiðngreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs rafiðngreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Heimir Jón Guðjónsson, Þórunn Stefanía Jónsdóttir og Ísleifur Árni Jakobsson.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Rafeindavirki	3	Rafeindavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann hefur þekkingu í lestri rafeindarásateikninga og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Hann hefur haldgóða tölvuþekkingu á vélbúnaði, hugbúnaði og netbúnað. Hann getur notað almenn og sérhæfð mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í rafeindabúnaði. Hann getur hannað og teiknað, hermt og smíðað einfaldar rafeinda- og stýrirásir. Hann þekkir helstu aðferðir til útsendinga og móttöku á fjarskiptamerkjum bæði í leiðslum og lofti. Rafeindavirki er löggilt starfsheiti.
Rafveituvirki	3	Rafveituvirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann getur annast raflagnir og eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla (IST 200) í byggingum og í veitukerfum. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri raflagnateikninga fyrir veitukerfi og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Hann getur notað almenn og sérhæfð mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í veitukerfum. Hann þekkir til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa og stýribúnaðar. Hann þekkir vel til vinnu við háspennuvirki og lagningu háspennulagna bæði í lofti og jörð. Hann þekkir vel til burðarþols og búnaðar er varðar lagningu háspennulagna. Hann þekkir til umhverfismála og samskipta við landeigendur. Rafveituvirki er löggilt starfsheiti.
Rafvélavirki	3	Rafvélavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann getur annast raflagnir og eftirlit með rafvélum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla (IST 200) í byggingum, skipum og bátum. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri rafvélateikninga og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Hann getur notað almenn og sérhæfð mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í rafbúnaði. Hann þekkir til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa og stýribúnaðar. Hann getur unnið vindunga í rafmótora og spenna. Rafvélavirki er löggilt starfsheiti.
Rafvirki	3	Rafvirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann getur annast raflagnir og eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla (IST 200) í byggingum, skipum og bátum. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri raflagnateikninga og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Hann getur notað almenn og sérhæfð mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í rafbúnaði. Hann þekkir til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa. Rafvirki er löggilt starfsheiti.
Símsmiður	3	Símsmiður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann getur annast fjarskiptalagnir og eftirlit með fjarskiptalögnum og búnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri fjarskiptateikninga og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Hann getur notað almenn og sérhæfð mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir í fjarskiptalögnum og búnaði. Hann þekkir til hvers konar fjarskiptatækja. Hann getur sett saman fjarskiptastrengi og tengt við endabúnað samkvæmt stöðlum og verkblöðum og tengt fjarskiptaveitu við húsveitu. Hann getur unnið við uppbyggingu og rekstur tengivirkja í símsstöðvum. Símsmiður er löggilt starfsheiti.

### **Samgöngu-, farartækja- og flutningsgreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Ingibergur Elíasson og Edda Jóhannesdóttir.

<b>Námslok</b>	<b>Hæfni- þrep</b>	<b>Lýsing</b>
Bifvélavirki	3	Bifvélavirki er hæfur til að meta, greina og lagfæra allar algengustu bilanir helstu gerða ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna svo og að gera við eða skipta um slitna eða bilaða hluti í helstu gerðum ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna. Að loknu námi hefur bifvélavirki þekkingu, leikni og hæfni til að meta, skipuleggja og vinna heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði, skipulagshæfni og viðurkenndum gæðakröfum. Hann hefur þekkingu og hæfni til að ráðleggja um mögulega viðgerð og að leiðbeina um hagkvæmustu aðgerð í faggrein sinni. Bifvélavirki er löggilt starfsheiti.
Bifreiðasmiður	3	Bifreiðasmiður er hæfur til að meta, skipuleggja og útfæra rökrétt vinnuferli við viðgerð, uppbyggingu eða nauðsynleg útskipti bilaðra eða skemmdra hluta í öllum gerðum burðarvirkja og yfirbygginga allra helstu gerða ökutækja og eftirvagna. Að loknu námi hefur bifreiðasmiður þekkingu og hæfni til að meta, skipuleggja og vinna heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði, skipulagshæfni og viðurkenndum gæðakröfum. Hann hefur einnig þekkingu og hæfni til að ráðleggja um mögulega viðgerð og að leiðbeina um hagkvæmustu aðgerð í faggrein sinni. Bifreiðasmiður er löggilt starfsheiti.
Bílamálari	3	Bílamálari er hæfur til að meta, skipuleggja og inna af hendi hvaðeina sem lýtur að faglegri vinnu við bílamálun miðað við fyrirmæli framleiðenda ökutækja og/eða framleiðendur málningar- og fylliefna og nýjustu tækni í bílamálun svo og að sinna öðrum verkefnum en málun ökutækja ef um málunartækni bílamálara er að ræða. Að loknu námi hefur bílamálari þekkingu, leikni og hæfni til að meta, skipuleggja og vinna heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði, skipulagshæfni og viðurkenndum gæðakröfum. Hann hefur einnig þekkingu og hæfni til að ráðleggja um mögulega viðgerð og að leiðbeina um hagkvæmustu aðgerð í faggrein sinni. Bílamálari er löggilt starfsheiti.

### **Sjávarútvegs- og siglingagreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs sjávarútvegs- og siglingagreina. Tengiliður við verkefnið af hálfu ráðsins var Vilbergur Magni Óskarsson.

<b>Námslok</b>	<b>Hæfni- þrep</b>	<b>Lýsing</b>
Skipstjóri A	2	Skipstjóri með A-réttindi hefur faglega þekkingu og færni til að stjórna skipi allt að 24 metrum, hæfni til að meta veðurfarslegar aðstæður og þær hættur sem skapast geta og getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Hann ber ábyrgð á stjórn skipsins, veiðum, veiðarfærum og áhöfn. Skipstjóri A er löggilt starfsheiti.

Skipstjóri B	3	Skipstjóri með B-réttindi hefur, auk þeirrar hæfni sem A-réttindi fela í sér, faglega þekkingu og færni til að stjórna skipi allt að 45 metrum, hæfni til að meta veðurfarslegar aðstæður og þær hættur sem skapast geta og getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Hann ber ábyrgð á siglingu skipsins, valinni siglingaleið sem hann á að hafa þekkingu til að velja, stjórnun á mannskap og þekkingu á öryggisbúnaði skipsins og neyðaráætlun. Hann hefur þekkingu og býr yfir hæfni til veiða og vinnslu sjávarafla. Skipstjóri með B-réttindi hefur einnig réttindi til fólksflutninga á hafi á skipum allt að 500BT og er meðvitaður um þá ábyrgð. Skipstjóri B er löggilt starfsheiti.
Skipstjóri C	3	Skipstjóri með C-réttindi hefur, auk þeirrar hæfni sem B-réttindi fela í sér, faglega þekkingu og færni til að stjórna fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og flutningaskipum að 3000BT á úthafinu og á milli landa. Hann ber ábyrgð á siglingu skipsins og mannskap. Hann hefur þekkingu á öryggisbúnaði skipsins og neyðaráætlun og stjórnar björgunaraðgerðum um borð. Hann hefur þekkingu á veiðum og fullvinnslu sjávarafla og er meðvitaður um þá hættu sem umhverfinu getur stafað af mengum frá skipinu. Skipstjóri með C-réttindi hefur einnig réttindi til fólksflutninga á hafi á skipum allt að 3000BT og er meðvitaður um þá ábyrgð. Skipstjóri C er löggilt starfsheiti.
Skipstjóri D	4	Skipstjóri með D-réttindi hefur, auk þeirrar hæfni sem C-réttindi fela í sér, hæfni og réttindi til að stjórna skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði á úthafinu og á milli landa. Hann ber ábyrgð á siglingu skipsins og mannskap, stjórnar björgunaraðgerðum um borð og ber ábyrgð á lestun og losun hvers konar flutningaskipa. Hann getur reiknað út stöðugleika skipsins og ber ábyrgð á að hann sé eins og kröfur segja til um. Hann hefur þekkingu og færni til að geta átt samskipti við hafnaryfirvöld, hafnsögumenn og fulltrúa farmflytjenda í erlendum höfnum. Hann er meðvitaður um þá hættu sem umhverfinu getur stafað af mengum frá skipinu. Skipstjóri með D-réttindi hefur einnig réttindi til farþegaflutninga á hafi á skipum af ótakmarkaðri stærð og er meðvitaður um þá ábyrgð. Skipstjóri D er löggilt starfsheiti.
Skipstjóri E	4	Skipstjóri með E-réttindi hefur, auk þeirrar hæfni sem C-réttindi fela í sér, hæfni og réttindi til að stjórna varðskipum íslenska ríkisins á úthafinu og á milli landa. Hann ber ábyrgð á siglingu skipsins og mannskap, hefur þekkingu á öryggisbúnaði skipsins, neyðaráætlun og stjórnar björgunaraðgerðum um borð. Hann hefur þekkingu á löggæslu og eftirlitshlutverki Landhelgisgæslunnar og býr yfir hæfni til að sinna því. Hann hefur þekkingu á björgunarmálum, leit og björgun á sjó og getur stjórnað björgunaraðgerðum. Hann býr yfir hæfni til að sinna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland og hefur þekkingu og hæfni til að bera slíka ábyrgð. Skipstjóri E er löggilt starfsheiti.

### **Skrifstofu- og verslunargreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Ásgeir Valdimarsson og Björn Garðarsson.

<b>Námslok</b>	<b>Hæfni- prep</b>	<b>Lýsing</b>
Skrifstofutækni	2	Skrifstofutækni býr yfir hæfni til að sinna fjármálum fyrirtækja og algengum skrifstofustörfum undir stjórn yfirmanns. Hann getur fært og gert upp bókhald, skráð og unnið með upplýsingar í gagnasöfnum í samráði við yfirmann og nýtt upplýsingatækni og algengan skrifstofubúnað. Ennfremur getur hann veitt ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi vörur og þjónustu.
Verslunartækni	2	Verslunartækni býr yfir hæfni til að vinna við innkaup, móttöku og lagerstörf undir stjórn yfirmanns. Hann getur unnið með almenn og sértæk afgreiðslu- og skráningarkerfi verslunar, metið vöruflæði og unnið úr og túlkað upplýsingar úr gagnasöfnum verslunar í samvinnu við yfirmann. Ennfremur getur hann veitt ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi vörur og þjónustu.

### **Snyrtigreinar**

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs snyrtigreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Súsanna Vilhjálmsdóttir og Brynhildur Jakobsdóttir.

<b>Námslok</b>	<b>Hæfni- prep</b>	<b>Lýsing</b>
Hársnyrtir	3	Hársnyrtir býr yfir viðtækri sérþekkingu á efnameðferðum, klippingum og útfærslu forma í daglegu starfi. Hann getur greint þarfir sínar fyrir símenntun til að geta útfært nýjustu aðferðir og tækni í hártísku hvers tíma. Hann býr yfir hæfni til að beita fræðilegum og raunhæfum lausnum á einstaklingsþörfum viðskiptavinar varðandi hár þeirra og getur leiðbeint um rétta umhirðu hárs. Hann vinnur sjálfstætt og útfærir klippiform og efnameðferðir sem hæfir viðskiptavini án eftirlits og leiðsagnar. Hársnyrtir er löggilt starfsheiti.
Snyrtifræðingur	3	Snyrtifræðingur býr yfir sérþekkingu á húð og líffærum hennar. Hann hefur hæfni til að greina og meðhöndla mismunandi húðgerðir, beita fræðilegum og raunhæfum lausnum á einstaklingsþörfum viðskiptavinar varðandi snyrtingu handa, fóta og andlits og getur leiðbeint um val og notkun snyrtivara fyrir andlit, líkama, hendur og fætur. Hann vinnur sjálfstætt og hefur hæfni til að skipuleggja meðferðaráætlun út frá þarfagreiningum og væntingum viðskiptavinar. Snyrtifræðingur er löggilt starfsheiti.

### Umhverfis- og landbúnaðargreinar

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs umhverfis- og landbúnaðargreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Guðríður Helgadóttir og Álfheiður Marínósdóttir.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Garðyrkjufræðingur	3	Garðyrkjufræðingur býr yfir viðtækri sérþekkingu á plöntutegundum/plöntuefniviði sem henta fyrir íslensk skilyrði og getur leiðbeint öðrum um val og meðferð þeirra. Hann kann skil á öllum þáttum í ræktunarumhverfi plantna og hefur hæfni til að veita viðskiptavinum sínum faglega ráðgjöf og þjónustu. Hann býr yfir sérþekkingu á ræktunartækni og getur sett upp ræktunar-/umhirðuáætlanir á sínu sérsviði. Hann ber ábyrgð á gæðum afurða á sínu sérsviði og getur brugðist sjálfstætt við vandamálum sem upp kunna að koma. Hann býr yfir hæfni og þekkingu til að geta unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum á sínu sérsviði, er meðvitaður um öryggismál á vinnustað og siðferðilega stöðu sína og ábyrgð.
Búfræðingur	3	Búfræðingur hefur hæfni til að reka hefðbundið bú (kúabú, sauðfjárþú, blandað bú) á eigin spýtur. Hann býr yfir viðtækri þekkingu á frumframleiðslu fóðurs og matvæla á Íslandi, getur gert áætlanir um kynbætur á eigin búfé og borið ábyrgð á því að hirðing og aðbúnaður búfjár sé í samræmi við lög og reglugerðir og þannig að reksturinn geti skilað eðlilegum afurðum. Hann er meðvitaður um helstu rekstrarforsendur, getur gert áætlun um fjárfestingar í eigin rekstri, fóðuröflun og jarðrækt. Búfræðingur getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum, er meðvitaður um samfélagslega stöðu faggreinar sinnar og siðferðilega ábyrgð sína gagnvart meðferð og sjálfbærri nýtingu lands. Hann getur sinnt einföldu viðhaldi eigin vélakosts og er meðvitaður um öryggismál á vinnustað.
Hestasveinn	2	Hestasveinn hefur grunnhæfni í hestamennsku. Hann getur unnið við tamningar hrossa undir leiðsögn tamningamanns. Hann kann skil á meðferð og notkun reiðtygja, hófhirðu og jarningum og getur sinnt fóðrun hrossa, undir eftirliti fagmanns.

### Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Eftirfarandi tillögur voru unnar veturinn 2010-11 í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráðs upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Tengiliðir við verkefnið af hálfu ráðsins voru Bjargey G. Gísladóttir og Kristján Ari Arason.

Námslok	Hæfni- þrep	Lýsing
Bókbindari	3	Bókbindari er fagmaður á öllum sviðum bókbandsvinnu og hefur sértæka þekkingu og hæfni til að vinna sjálfstætt við bókbund í stórum sem litlum fyrirtækjum. Hann getur veitt faglega ráðgjöf um frágang prentgripa og getur hannað útlit bóka m.t.t. efnis þeirra og tilgangs. Bókbindari er löggilt starfsheiti.
Ljósmyndari	3	Ljósmyndari hefur hæfni til að sinna störfum við hvers kyns ljósmyndun. Hann hefur sértæka þekkingu á öllum sviðum ljósmyndunar, bæði hefðbundinnar sem og stafrænnar og hefur hæfni til að starfa sjálfstætt við fagið. Ljósmyndari má starfrækja stúdíó/ljósmyndastofu. Ljósmyndari er löggilt starfsheiti.



Prentari	3	Prentari er fagmaður á öllum sviðum prentunar og hefur sértæka þekkingu og hæfni til að vinna sjálfstætt við fagið. Prentari hefur hæfni til að vinna með öðrum þáttum prentverks, s.s. prentsmíð og bókbandi og kann skil á heildarferli prentverks. Prentari hefur einnig sértæka þekkingu á umhverfisvernd og öryggismálum í prentiðnaði. Prentari er löggilt starfsheiti.
Prentsmiður/ grafískur miðlari	3	Prentsmiður/grafískur miðlari getur starfað sjálfstætt við fagið. Hann hefur sértæka þekkingu og hæfni á öllum sviðum prentsmíði og hefur hæfni til að hanna útlit prentgrips bæði fyrir prentverk og skjámiðla. Hann getur starfað sem verkstjóri í stærri og minni prentsmiðjum og kann skil á heildarferli grafískrar miðlunar. Prentsmiður/grafískur miðlari er löggilt starfsheiti.
Bókasafnstæknir	2	Bókasafnstæknir er fagmaður á sviði upplýsingaöflunar og -miðlunar. Hann vinnur við hlið sérfræðinga við upplýsingaleit, upplýsingaþjónustu og skráningu gagna og hefur einnig sértæka þekkingu og hæfni til umsýslu tölvubúnaðar, auk þess að viðhalda vefefni og halda utan um framsetningu kynningarefnis fyrirtækja og stofnana. Þá hafa þeir færni til að veita þjónustu við notendur og sérhæfða þjónustu við til dæmis aldraða, börn, nemendur og fatlaða.
Fjölmiðlatæknir	3	Fjölmiðlatæknir er fagmaður á sviði fjölmiðlatækni. Hann býr yfir sérhæfðri þekkingu á tækniugjörfi við fjölmiðlun, getur séð um uppsetningu og frágang á tækjum og unnið við frágang og úrvinnslu efnis fyrir birtingu og við útsendingu. Hann býr yfir hæfni til að vinna þverfaglega með blaðamönnum, fréttamönnum, dagskrárgerðarfólki, dagskrárgerðarframleiðendum (pródúsentum), tökumönnum, tæknistjórum, klippurum, almannatenglum, auglýsingateiknurum, grafískum hönnuðum, vefsmiðum og öðrum fagmönnum á sviði fjölmiðlunar og upplýsingatækni.
Margmiðlunar- fræðingur	4	Margmiðlunarfræðingur hefur yfirgripsmikla þekkingu á allri vinnu við margmiðlun. Hann hefur hæfni til að vinna sjálfstætt að stærri sem smærri verkefnum. Lögd er mikil áhersla á hugmyndavinnu, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð hjá margmiðlunarfræðingi.